



Margt smátt...

sköpum jarðveg fyrir allan atvinnurekstur
og
tölum í lausnum

Efnahagstillögur FÍSM

30. september 2009



Um efnahagstillögur FÍŠ

- Tölum í lausnum!

Markmið:

- Skapa umhverfi þar sem ekki aðeins verður fýsilegt að ráðast í stórfamkvæmdir, heldur einnig fjárfestingar í almennum atvinnurekstri
- Lítil og meðalstór fyrirtæki eru drifkraftur sem verður að virkja
- Skýrt afmarkaðir hvatar til fjárfestinga verði settir fram af hálfu stjórnvalda
- Efla þarf skattstofna – fremur en að skattleggja atvinnurekstur meira
- Nálgast þarf hagræðingu í rekstri hins opinbera af festu

Fortíð: Jafnræðis þarf að gæta við niðurfellingu skulda

- Tillögur um breytingar á höfuðstól og/eða greiðslubrýði verðtryggðra og gengistryggðra húsnæðis- og bílalána heimila eiga að liggja fyrir í vikunni
 - Jákvætt að langvarandi óvissu verði eytt
- Mikilvægt að skýr og sambærileg úrræði liggi fyrir gagnvart atvinnufyrirtækjum
 - Verði greiðslubrýði/höfuðstóll lána heimila færð til samræmis við það sem var um vorið 2008 ættu svipuð úrræði að standa fyrirtækjum til boða
 - Gæta þarf jafnræðis milli fyrirtækja og tryggja að samkeppni raskist sem minnst með breytingum

Uppbygging atvinnulífs

- Tillögur um örvun fjárfestinga
- Sjónarmið um almennt umhverfi

Leiðir til að örva almenna fjárfestingu

1. Skattafsláttur til einstaklinga vegna kaupa á hlutafé í atvinnurekstri
2. Tímabundið afnám innflutningsgjalda á fjárfestingarvörum
3. Flýtiafskriftir vegna fjárfestingar í fastafjármunum
4. Fiskvinnsla: Allur afli sem berst að landi og á að flytja út óunninn verði seldur í gegnum fiskmarkaði á Íslandi

Að ógleymdu því sem mest er rætt opinberlega:

- Stór fjárfestingarverkefni, s.s. stóriðja, tengdar orkuframkvæmdir og opinberar framkvæmdir

1. Skattaafsláttur (1)

- Einstaklingum sem kaupa hlutafé inn í innlendan atvinnurekstur verði veittur skattaafsláttur af mögulegum söluhagnaði

Útfærsla:

- Sambærileg við “gamla” afsláttinn
- Heimilt verði að fjárfesta í skráðum félögum á hlutabréfamarkað og einnig óskráðum félögum sem uppfylla skilyrði sett af Ríkisskattstjóra og Kauphöll
- Heimilt verði að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í fyrirtækjum sem uppfylla skilyrðin að ofan
- Að hámarki verði veittur skattaafsláttur af 10 m.kr. fjárfestingu árlega
- Lágmarkseignarhaldstími verði 5 ár
- Möguleiki á að útfæra gagnvart erlendum aðilum með fjármagn á Íslandi þannig að veittur verði afsláttur af fjármagnstekjuskatti ef þeir festa fé í íslenskum atvinnurekstri lengur en í 5 ár

1. Skattaafsláttur (2)

- Einstaklingum sem kaupa hlutafé inn í innlendan atvinnurekstur verði veittur skattaafsláttur af mögulegum söluhagnaði

Ávinningur:

- Skýr hvati til fjárfestinga í atvinnurekstri, bæði fyrir innlenda og erlenda aðila
- Stækkar mengi fjárfestingarmöguleika fyrir innlenda aðila og vinnur því vel á móti hættu á fjármagnsflóttu úr landi við afnám gjaldeyrishafta
- Stuðlar að (endur)uppbyggingu hlutabréfamarkaðar
- Mögulegt að bankar og fjármálafyrirtæki nýti stofnun fjárfestingafélaga og þann hvata sem skattaafsláttur skapar til að selja eignarhluti í dreifða eignaraðild

2. Tímabundið afnám innflutningsgjalda á fjárfestingarvörum

- Innflutningsgjöld á fjárfestingarvörum verði afnumin á næstu þremur árum

Útfærsla:

- Fjárfestingarvörur, eins og þær eru flokkaðar af Hagstofu í opinberum gögnum, verði undanþegnar öllum innflutningsgjöldum (vörugjöldum) árunum 2010 til 2012
- Tollar falli einnig niður á sömu vörur þar sem það á við

Ávinningur:

- Hvetur fyrirtæki til fjárfestinga og uppbyggingar
- Laðar að erlenda fjárfesta inn í verkefni tengd innlendum atvinnurekstri
- Skilar sér í skatttekjum til ríkissjóðs í gegnum aðra liði (tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja, virðisaukaskattur, veltuskattar á aðrar vörur)

3. Flýtiafskrifir

- Veitt verði heimild til flýtiafskrifta á fastafjármunum fyrirtækja

Útfærsla:

- Fyrirtækjum verði heimilt að afskrifa fastafjármuni hraðar en núverandi skattalög gera ráð fyrir

Ávinningur:

- Hefur jákvæð áhrif á skuldlaus/-lítil fyrirtæki sem hafa lítið skattalegt tap
- Hvetur til frekari fjárfestinga
- Skilar sér í skatttekjum ríkissjóðs í gegnum aðra liði

4. Fiskvinnsla

- Allur afli sem berst að landi og á að flytja út óunninn verði seldur í gegnum fiskmarkaði á Íslandi

Útfærsla:

- Skýlt verði að vigta allan afla sem berst á land á Íslandi og selja hann í gegnum markað héraendis
- Tillagan snýr ekki að þeim afla sem útgerðir landa til eigin vinnslu

Ávinningur:

- Jafnar samkeppnisstöðu milli aðila sem leitast við að kaupa fisk til áframvinnslu
- Eykur aðgengi að hráefni og stuðlar því að frekari uppbyggingu á fiskvinnslu héraendis, með tilheyrandi fjárfestingum og atvinnusköpun
- Stuðlar enn frekar að því að Íslendingar nýti sterka samkeppnisstöðu vegna lágs gengis krónunnar til uppbyggingar á fiskvinnslu

5. Stór fjárfestingarverkefni

- Mikilvægt að eyða óvissu í kringum stór fjárfestingarverkefni
 - Álver og orkutengdar fjárfestingar
 - Ýmsar framkvæmdir á vegum hins opinbera
- Stórar og mannaflsfrekar framkvæmdir eru ekki aðeins mikilvægar til atvinnusköpunar, heldur hafa þær jákvæð keðjuverkandi áhrif til smærri fyrirtækja


Fjármálamarkaður

- Bankar verða að gæta jafnræðis við meðhöndlum á skuldavanda heimila og fyrirtækja
 - Samkeppnissjónarmið skipta hér miklu
- Bankar (og skiptastjórar) selji öll fyrirtæki í opnu og gagnsæju ferli
 - Ekki er æskilegt að bankar eða tengdir aðilar haldi lengi á eignarhlutum í fyrirtækjum. Það festir í sessi óvissuástand og getur skaðað samkeppni. Heppilegast er að fyrirtæki fari sem fyrst í hendur langtímaeigenda við þessar aðstæður
- Stuðla þarf að uppbyggingu hlutabréfamarkaður og nauðsynlegt að Kauphöllin vinni að stofnun hliðarmarkaðar - eða þrói skilyrði First North markaðarins - þar sem hægt yrði að skrá minni fyrirtæki
 - Þetta yrði framkvæmt í samvinnu við RSK sbr. tillögur okkar um skattaafslátt

Gríðarlegur samdráttur í einkageiranum – en hægfara þróun í ríkisútgjöldum




2003 - 2007



Mikill vöxtur í einkageiranum og þó nokkur í ríkisútgjöldum

2007 - 2009



*Harkalegur samdráttur í einkageiranum –
drjúgur vöxtur hjá hinu opinbera*


Skattamál og rekstur ríkissjóðs (1)

- Tekjur ríkissjóðs
 - Fall einkaneyslu um 26% á aðeins 2 árum og fall fjárfestingar um 60% á sama tíma sýna glögglega að atvinnulíf og heimili mega illa við frekari skattlagningu
 - Hærri skattar seinka nauðsynlegri uppbyggingu skattstofna
 - Gríðarleg hækkun verðlags undanfarin ár þýðir að meiri skattahækkanir eru farnar að leiða til minni neyslu og neyslu ódýrari vara – því er hætt á að ríkið ofmeti tekjuáhrif skattbreytinga
 - Sterkir skattstofnar byggja upp tekjur ríkissjóðs til langframa
 - Nýtilkomin vörugjöld eru dæmi um skattlagningu sem mismunar og ber að afnema hið fyrsta

Skattamál og rekstur ríkissjóðs (2)

- Útgjöld ríkissjóðs
 - Hagræða þarf í rekstri hins opinbera enda varð gríðarleg aukning ríkisútgjalda á síðastliðnum 5 árum
 - Útgjöld ríkissjóðs jukust um 130 ma.kr. milli 2003 og 2009 á föstu verðlagi
 - 10% lækkun launakostnaðar í opinbera geiranum gæti sparað 20-25 milljarða króna
 - Sársaukaminni aðgerð en margar aðrar og minnkar umfang uppsagna
 - Gildir bæði um ríki og sveitarfélög
 - Fordæmi fyrir útfærslu úr atvinnulífi
 - Frestun á þjóðhagslega hagkvæmum framkvæmdum er ekki rétta leiðin til að skera niður útgjöld. Mikilvægt er að arðbærar framkvæmdir komist í gang

Nægt rými til hagræðingar í ríkisútgjöldum



Ríkisútgjöld: Allar stærðir reiknaðar á núvirði

75 ma.kr. sparnaður myndi þýða að rekstrargjöld ríkis yrðu 480 ma.kr. á næsta ári (13% lækkun)

Þannig yrði umfang ríkisins svipað og það var árið 2006!

Gjaldeyrir og vextir

- Afnema þarf gjaldeyrishöft hið fyrsta
 - Höftin stórminnka möguleikanna á að laða erlenda fjárfesta til landsins
 - Stjórnvöld hafa tækifæri til að hvetja til innlendra fjárfestinga og vinna þannig gegn mögulega neikvæðum afleiðingum afnáms hafta
- Lækka þarf vexti
 - Vaxtastig í landinu endurspeglar ekki efnahagsástandið
 - Lægri vextir – ásamt framkvæmd tillagna FÍS – stuðla að fjárfestingarvænna umhverfi fyrir atvinnulíf, einstaklinga og fagfjárfesta
- Byggja þarf upp aðra valkosti en verðtryggð lán þegar kemur að fasteignalánum og fleiri lánaflokkum

Vinnumarkaður

- Ýmsum framlögum atvinnurekenda í sjóði launþega verði tímabundið ráðstafað beint til launþega
 - Viðbótarlífeyrir – framlag atvinnurekenda, framlag atvinnurekenda í starfsmenntasjóði, framlög í sjúkrasjóði, framlög í orlofshúsasjóði
- Með þessu næst fram tímabundin hækkun ráðstöfunartekna (á bilinu 2-4%) fyrir launþega án þess að til komi beinar launahækkanir sem fyrirtæki ráða ekki við
- Tillagan er sett fram í ljósi þess að stöðugleiki á vinnumarkaði er mögulega í hættu
 - Aðstæður nú nánast fordæmalausar og kalla á nýjar lausnir
 - Mikilvægt að leita allra leiða til að viðhalda stöðugleika á vinnumarkaði og útfæra lausnir sem atvinnurekendur og launþegar geta náð saman um